

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 9. apríl 2024
UST202403-112/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036 - Grímslækjarheiði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu fyrir Grímslækjarheiði.

Í greinargerð kemur fram að gerð verður breyting á greinargerð aðalskipulags þar sem skilmálum fyrir ÍB17 verður breytt. Íbúðum fjölgar úr 19 í 25.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að hraunið innan svæðisins nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Auk þess þarf að fjalla um umhverfisáhrif tillögunnar á hraun í umhverfismatsskýrslu með viðeigandi matsþurningum og matsviðmiðum.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri